ÖRYGGISUPPLÝSINGAR UM KINERET® (ANAKINRA)

LEIÐBEININGAR FYRIR SJÚKLINGA OG UMÖNNUNARAÐILA

Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2023.

NP-29955

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 1 04.01.2024 12:51

Efnisyfirlit

Inngangur 3

Uppsetning fyrir inndælingu 4

Undirbúningur inndælingar 5

Undirbúningur skammts 6

Inndælingin gefin 7

Frágangur 8

Aukaverkanir á stungustað 9

Orðskýringar 11

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 2 04.01.2024 12:51

Inngangur

Þér hefur verið afhentur þessi bæklingur vegna þess að þú eða einhver í þinni umsjá hefur verið ávísað Kineret.

ATHUGIÐ:

Ef þú rekst á orð eða læknisfræðilegt hugtak sem þú þekkir ekki, skaltu fletta yfir í orðskýringarnar á blaðsíðu 11 til að fá gagnlegar skilgreiningar.

Engir tveir einstaklingar eru eins og þess vegna eru læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn best til þess fallin að svara spurningum um greiningu og meðhöndlun sem á við í þínu tilviki.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 3 04.01.2024 12:51

Uppsetning fyrir inndælingu

Finndu rúmgott, bjart, hreint og þægilegt svæði með allan búnað innan seilingar. Þvoðu hendur vandlega.

Það sem þarf:

- **Kineret áfyllt sprauta, ein eða fleiri**
- **Sprittþurrkur**
- **Dauðhreinsuð grisja eða þurrka**

Áður en lengra er haldið skal tryggja að unnt sé að farga öllum hlutum í samræmi við fyrirmæli læknisins eða hjúkrunarfræðingsins.

ÁBENDING: Sprautur sem ekki á að nota eiga að vera áfram í kæli.

Ekki hrista sprautuna. Ef lausnin virðist froðukennd á að bíða í nokkrar mínútur þar til hún verður tær.

Það þarf að vera auðvelt að fjarlægja sprittþurrkuna úr umbúðunum þar sem sprautan er í annarri hendi þegar strokið er yfir húðina með hinni hendinni.

Skoðun sprautunnar

Athugaðu fyrningardagsetninguna á merkimiða áfylltu sprautunnar (leitaðu að „EXP“). Ekki nota sprautuna ef tilgreindur mánuður er liðinn.

Athugaðu útlit lausnarinnar í sprautunni. Hún á að vera tær, litlaus/hvít. Hálfgagnsæjar/hvítar agnir geta verið í lausninni—það er eðlilegt. Ekki má nota lausnina ef hún er mislituð, skýjuð eða ef hún inniheldur einhverjar aðrar agnir en hálfgagnsæjar/hvítar.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 4 04.01.2024 12:51

Undirbúningur inndælingar

Leyfðu lausninni að hitna

Kineret þarf að geyma í kæli og þar sem börn hvorki ná til né sjá. Inndælingin er þægilegri ef sprautan er tekin úr kæli 30 mínútum áður lyfið er gefið. Sprautuna á að geyma á öruggum stað þar sem börn hvorki ná til né sjá og láta hana ná stofuhita fyrir notkun. Einnig má hita lausnina gætilega með því að halda áfylltu sprautunni í hendi í nokkrar mínútur. Ekki má hita Kineret með neinum öðrum hætti (til dæmis má ekki hita í örbylgjuofni eða heitu vatni).

Ekki á að fjarlægja hlífina af sprautunni fyrr en rétt fyrir inndælingu.

Val á stungustað

Heppilegustu stungustaðirnir fyrir þig og barnið þitt eru:

- **A** Kviður (nema í kringum naflann)
- **B** Ofanverð læri (hentar sérstaklega þybbnum ungbörnum yngri en eins árs)
- **C** Ofarlega á utanverðum rasskinnum*; og
- **D** Utanverðir upphandleggir*

* Hentar aðeins ef einhver annar gefur þér inndælinguna.

- Ekki á að sprauta í húð sem er viðkvæm, rauð, marin eða hörð
- Forðast skal að sprauta í ör eða húðrákir
- Ekki á að sprauta nálægt æð



Skipta á um stungustað í hvert sinn til að koma í veg fyrir eymsli á því svæði sem sprautað er í.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 5 04.01.2024 12:51

Undirbúningur skammts

Áður en Kineret er gefið þarf að halda um sprautubolinn og fjarlægja nálarhlífina gætilega án þess að snúa henni. Dragðu hana beint af eins og sýnt er. Snertu hvorki nálina né ýttu á sprautustimpilinn. Fleygðu nálarhlífinni samstundis.

Vera má að lítil loftbóla sjáist í áfylltu sprautunni. Ekki þarf að fjarlægja loftbóluna áður en lyfið er gefið með inndælingu. Það hefur enga hættu í för með sér þótt loftbólan sé í lausninni þegar hún er gefin með inndælingu.

Ef þú notar minna en 100 mg – sem er minna en öll lausnin í sprautunni – þarftu að farga hluta af vökvanum

Til þess að gera þetta:
Haltu sprautunni í annarri hendi með nálina beint upp eins og sýnt er. Settu þumalinn á sprautustimpilinn og þrýstu rólega þar til örlítill dropi sést á nálaroddinum.

Snúðu sprautunni þannig að nálin vísi niður. Settu dauðhreinsaða grisju eða þurrku á slétt yfirborð og haltu sprautunni þannig að nálin vísi niður eins og sýnt er.

Leggðu þumalinn á sprautustimpilinn og þrýstu rólega þar til framendi sprautustimpilsins hefur náð að skammtamerkinu fyrir þinn skammt. Grisjan eða þurrkan drekkur í sig sprautuvökvann. Nú er hægt að sprauta inn réttum skammti.

Ef þér tekst ekki að ná réttum skammti eða ef þú missir sprautuna skaltu fleygja henni í stunguhelt ílát og nota nýja. Þetta þýðir að þú opnar næstu öskju fyrr en áformað var og því þarf að útvega áframhaldandi lyf fyrr en annars hefði þurft. Fylgdu alltaf skammtaleiðbeiningum læknisins eða hjúkrunarfræðingsins.





Gættu þess að nálin snerti ekki grisjuna/ þurrkuna.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 6 04.01.2024 12:51

Inndælingin gefin

1. **Sótthreinsaðu húðina með sprittþurrku og leyfðu henni að þorna (það tekur aðeins nokkrar sekúndur).**
2. **Klemmdu húðina síðan á milli þumalfingurs og vísifingurs án þess að kreista hana.**
3. **Stingdu nálinni í húðina eins og hjúkrunarfræðingur eða læknir hefur kennt þér.**
4. **Sprautaðu vökvanum hægt og jafnt inn jafnframt því sem húðinni er áfram haldið klemmdri.**
5. **Að lokinni inndælingu vökvans skaltu draga nálina út og sleppa húðinni.**

Þú getur haldið bómullarhnoðra eða grisju yfir stungustaðnum ef þú vilt.

Hverja sprautu má aðeins nota til einnar inndælingar. Ekki nota sprautu oftar en einu sinni því slíkt getur valdið sýkingu. Ónotuðum lyfjum skal fargað.

ÁBENDINGAR FYRIR INNDÆLINGU HJÁ BARNI:

⊕ Hafa skal einhvern til aðstoðar ef mögulegt er með því að halda barninu eða beina athygli þess að öðru á meðan þú gefur inndælinguna.

Ef um lítið barn er að ræða er gott að láta það sitja klofvega á öðru hné fullorðins einstaklings, þannig að það snúi í átt að honum, til að halda megi barninu tryggilega þegar sprautað er.

Börn sem vön eru snuði finnst það róandi.

Hafðu leikfang eða bók sem er í uppáhaldi við höndina. Farsími eða sjónvarp getur einnig dreift athyglinni.

Eldri börnum getur þótt róandi að draga djúpt andann, hægt og rólega. Þú getur einnig beðið barnið um að lýsa einhverju sem er í uppáhaldi eða einhverju sem því þykir skemmtilegt á meðan lyfinu er sprautað inn.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 7 04.01.2024 12:51

Frágangur

Ekki setja nálarhlífina aftur á nálina.

Notaðar sprautur á að geyma þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Aldrei má fleygja notuðum áfylltum sprautum með venjulegu heimilissorpi.

Hafi minni skammtur en 100 mg verið notaður mun vökvi úr sprautunni vera í grisju eða þurrku. Fleygðu grisjunni eða þurrkunni ásamt sprautunni í stunguhelt ílát og hreinsaðu yfirborðið með hreinni þurrku.

Farga skal notuðu sprautunni og grisju eða þurrku með Kineret lausn í stunguhelt ílát í samræmi við fyrirmæli læknis, hjúkrunarfræðings eða lyfjafræðings. Ef þú átt lyf sem þú þarft ekki lengur að nota skaltu leita ráða hjá lyfjafræðingi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 8 04.01.2024 12:51

Aukaverkanir á stungustað

Stundum koma fram viðbrögð í húð við inndælingu Kineret. Slíkar aukaverkanir koma yfirleitt fram innan tveggja vikna frá upphafi meðferðar og hverfa yfirleitt innan fjögurra til sex vikna. Oftast eru viðbrögðin væg eða í meðallagi alvarleg og lýsa sér sem roði, mar, bólga, verkur eða óþægindi. Aukaverkanir í húð eru ólíklegri ef þær hafa ekki komið fram á fyrsta mánuði meðferðarinnar.

Eftirfarandi gæti létt á einkennum aukaverkana á stungustað:

Kæla stungustaðinn eða leggja kælipoka á stungustað (fyrir og eftir inndælingu)

Leyfa inndælingarvökvanum að ná stofuhita fyrir inndælingu hans (sjá blaðsíðu 5)

Hafa skal minnst tvo til þrjá sentímetra á milli stungustaða

Samkvæmt læknisráði má bera vægan stera (hýdrókortisón) krem eða smyrsli (sem fæst án lyfseðils) á stungustaðinn fyrir og/eða eftir inndælingu

Halda skal yfirlit yfir stungustaði með því að skrá þá í dagbók til að tryggja að skipt sé um stað.

Ef þú hefur einhverjar áhyggjur skaltu ræða við lækninn.

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 9 04.01.2024 12:51

Skráðu niður spurningar sem þú vilt spyrja lækninn í næstu heimsókn

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 10 04.01.2024 12:51

Orðskýringar

ÁFYLLT SPRAUTA – SPRAUTA MEÐ LYFINU

ANDHISTAMÍN – KREM, SMYRSLI EÐA TAFLA SEM DRAGA ÚR ÞROTA EÐA ERTINGU

BÓLGA – LÍKAMSHLUTAR SEM SÝNA MERKI UM SÁRSAUKA, ROÐA, HITA, ÞROTA OG SEM HUGSANLEGA STARFA EKKI LENGUR

FYRNINGARDAGSETNING (EXP) – SÍÐASTA DAGSETNING SEM NOTA MÁ LYFIÐ

HÝDRÓKORTÍSÓN - SMYRSLI, KREM EÐA LAUSN SEM NOTUÐ ERU Á HÚÐINA TIL AÐ MEÐHÖNDLA ROÐA, KLÁÐA OG ÓÞÆGINDI

INTERLEUKIN-1 VIÐTAKABLOKKI – PRÓTEIN UNNIÐ MEÐ ERFÐATÆKNI SEM NOTAÐ ER SEM LYF TIL AÐ BLOKKA NÁTTÚRULEGT INTERLEUKIN-1 SEM VELDUR BÓLGU

KINERET – SÉRHEITI LYFS SEM NEFNIST ANAKINRA SEM TILHEYRIR FLOKKI LYFJA SEM KALLAST „INTERLEUKIN 1 VIÐTAKABLOKKAR MANNA“

KVIÐUR – MAGI

LYFJAFRÆÐINGUR – APÓTEKARI

RASSKINNAR – RASS EÐA AFTURENDI

SKAMMTUR – MAGN LYFS

SPRAUTUBOLUR – MIÐJURÖR SPRAUTUNNAR

SPRITTÞURRKA – SÓTTHREINSIEFNI Í EINNOTA KLÚT

SPRAUTUSTIMPILL – STÖNGIN SEM ÞRÝST ER INN Í SPRAUTUNA TIL AÐ ÞRÝSTA LYFINU ÚT

STUNGUSTAÐUR – STAÐUR ÞAR SEM SPRAUTAÐ ER

Kineret Patient Brochure_NP29955_Island.indd 11 04.01.2024 12:51

SOBI A/S
Sorgenfrivej 17
2800 Lyngby
Danmörk

Sobi og Kineret eru vörumerki Swedish Orphan Biovitrum AB (publ).
© 2023 Swedish Orphan Biovitrum AB (publ) – Öll réttindi áskilin.
www.sobi.com
NP-29955. júlí 2023
Samþykkt af Lyfjastofnun í október 2023